# Reiðvega- og Samgöngunefnd LH

## Skýrsla fyrir starfsárið 2025



*Reiðvegur í Vífilsstaðahlíð*

*Ljósm. HHH*



*Landmannalaugar, Jökulgil.*

*Ljósm. HHH*

# REIÐVEGA- OG SAMGÖNGUNEFND LH 2025

**Reiðvega- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganefndanna ásamt formanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina árið 2025.**

| Nöfn: | Tölvupóstföng: | Símar: |
|---|---|---|
| Jón Magnússon formaður | jonmag@kopavogur.is | 868 1425 |
| Sæmundur Eiríksson SV svæði varaform. | klopp@simnet.is | 699 7747 |
| Einar Á. Sæmundsen Suðursvæði 1 | einar@thingvellir.is | 891 6764 |
| Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2 | vegghamar@internet.is | 776 7846 |
| Valberg Sigfússon Vestursvæði | valbergs@mi.is | 894 0999 |
| Kristján Þorbjörnsson N.V.svæði | krgilsst@simnet.is | 892 1713 |
| Örn Viðar Birgisson N.A. svæði | ornvidarbirgisson@gmail.com | 844 1045 |
| Magnús Skúlason Austursvæði | maggggi@gmail.com | 899 7006 |

❖

**Reiðvega- og samgöngunefnd LH:**

Störf Reiðvega- og samgöngunefndar voru með hefðbundnum hætti á árinu 2025, en sú breyting varð á skipan nefndarinnar á árinu að Hákon Hákonarson lét af formennsku í nefndinni eftir LH þing í október 2024. Stjórn LH skipaði Jón Magnússon úr hmf. Spretti formann nefndarinnar í hans stað, að öðru leyti var nefndin eins skipuð og 2024.
Aðstoðarmaður nefndarinnar er Halldór H. Halldórsson fyrrum formaður Ferða- og samgöngunefndar LH gsm 892 8678 bilamalunh@gmail.com

**Reiðvegafé 2025:**

Ekki hefur Alþingi Íslands auðnast að samþykkja nýjar samgönguáætlanir undanfarin tvö ár eins og áform voru um og því er samgönguáætlun 2020-2024 enn í gildi. Samgönguáætlun þar sem reiðvegafé hefur verið 75.0 m.kr. árlegt framlag. Áður hefur komið fram að ráðherra veitti viðbótarframlag á árunum 2021 og 2022 þegar 50.0 m.kr. var veitt aukalega til reiðvega hvort ár. Ekki fékkst áframhaldandi viðbótar fjárframlag til reiðvega árið 2023, en stíft var eftir því leitað við innviðaráðherra. Samgönguáætlun sem var í gildi 2023 gerði ráð fyrir 75.0 m.kr. framlagi til reiðvega, eins og fyrr er greint, það fundust hins vegar 9.0 m.kr. af vannýttu reiðvegafé hjá Vegagerðinni þannig að 2023 var reiðvegafé 84.0 m.kr. Ný samgönguáætlun sem lá fyrir Alþingi árið 2024 gerði ráð fyrir 100.0 m.kr. fjárframlagi til reiðvega, ekki náðist að samþykkja samgönguáætlunina sem lög frá Alþingi, en það var ákvörðun Vegagerðarinnar að 100 m.kr. yrði framlag til reiðvega enda ráðgert í fjármálaáætlun sem var samþykkt á Alþingi, svo var einnig fyrir árið í ár.

❖

Þann 1. feb. var kallað eftir umsóknum um reiðvegafé frá hestamannafélögunum fyrir árið 2025 og greinargerðum vegna reiðvegaframkvæmda ársins 2024. Umsóknarfrestur félaganna í reiðvegasjóð var til og með hlaupársdegi 28. febrúar sl. en síðar framlengdur til 6. mars.

Umsóknir um reiðvegafé berast LH með rafrænum hætti um kortasjána líkt og undanfarin ár. Einnig þarf að gera grein fyrir framkvæmdum liðins árs, eyðublöð er hægt að nálgast í Kortasjánni.
Vel hefur tekist til með að umsóknir um reiðvegafé berist LH rafrænt um Kortasjána. Þó svo að hestamannafélögum beri að senda umsóknir í reiðvegafé um kortasjána, sem og skil á greinargerðum um reiðvegaframkvæmdir liðns árs, þá er einnig tekið við umsóknum sem berast sem tölvupóstur séu þær á réttu formi sem Exel skjal. Alls námu umsóknir 2025 um framlög til reiðvega 555.586.546,- m.kr. þar af 153.063.073,- m.kr. til ferðaleiða (sjá umsóknir og úthlutun bls. 13 í skýrslunni).



*Reiðstígur í Heiðmörk ( Tungustígur )*

## Reiðvega- og samgöngunefnd

### Fundargerð

Þann 21. janúar 2025 voru boðaðir til fundar með Berglindi Karlsdóttir framkvæmdastjóra LH þeir Jón Magnússon formaður Reiðveganefndar, Sæmundur Eiríksson varaformaður ásamt Halldóri H Halldórssyni aðstm. nefndarinnar.

**Efni fundar:**

1. Berglind kynnti nýja reglugerð nefndarinnar fyrir fundarmönnum. ( Sjá bls. 4 og 5 ).

2. Uppgjör 2024 – hreyfingalisti frá Vegagerðinni í lok árs standa út af tæpar 700.000,- kr. af ónýttu reiðvegafé síðasta árs.

3. Staðfesting á reiðvegafé ársins 2025, senda á Valtý Þórisson, áætlanadeild Vegagerðarinnar með það.

4. Rætt um föst verkefni nefndarinnar og nýr formaður settur inn í verkefnin.

- Senda þarf á nefndarmenn og hvetja til að klára greinargerðir framkvæmda 2024.
- Opið fyrir umsóknir um reiðvegafé 2025 í febrúar.
- Úthlutunarfundur haldinn fyrir miðjan mars.
- Rætt hefur verið um hvort hægt sé að úthluta fyrr á árinu svo nýtist betur til framkvæmda, ekki er hægt að úthluta fyrr en fjárhæð hvers árs liggur fyrir.
- Minna nefndarmenn á að heyra í reiðveganefndum á sínum svæðum, hvort einhverjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á þeirra svæði er gæti skert eða skarast á við reiðvegi á svæðinu.
- Funda þarf reglulega með svæðisstjórumVegagerðarinnar í hverjum landshluta.
- Minna þarf reglulega á að ýta á eftir framkvæmdum svo úthlutað reiðvegafé hvers árs nýtist.
- Skila skýrslum fyrir formannafundi og landsþing.

5. Auglýsingaflipi í Kortasjá.
   Útbreiðslustjóri LH leggur til að reyna að selja auglýsingar í pop-up glugga í Kortasjá.
   Samþykktað skoða með Loftmyndum útfærslu á þessu.

*HHH.*

# Starfsreglur Reiðvega- og samgöngunefndar LH

## 1. Gildissvið og tilgangur

Starfsreglur þessar eru settar með vísan til laga Landssambands hestamannafélaga („LH“). Tilgangur reglna þessara er að kveða á um starfshætti nefndarinnar og helstu verkefni.

## 2. Skipan nefndarinnar

Landinu skal skipt í sjö svæði og reiðveganefndir skipaðar á hverju þeirra. Reiðveganefndirnar skulu skipaðar fulltrúa frá hverju hestamannafélagi innan hvers svæðis. Reiðveganefndirnar velja sér formann.

Reiðvega- og samgöngunefnd LH skal skipuð formönnum reiðveganefnda hvers svæðis. Stjórn LH tilnefnir formann sem sér um boðun funda í samráði við starfsfólk LH.

## 3. Hlutverk

Hlutverk Reiðvega- og samgöngunefndar er að standa vörð um reiðvegakerfi landsins og gæta hagsmuna hestamanna gagnvart stjórnvöldum þegar kemur að skipulagi og fjármögnun reiðvega. Nefndin sér um að úthluta reiðvegafé Landssambands hestamannafélaga til reiðveganefnda í hverjum landshluta.

## 4. Verkefni reiðveganefnda

- Reiðveganefndirnar sækja um reiðvegafé ár hvert til LH.
- Reiðveganefndirnar vinna að framkvæmdaáætlun reiðvega fyrir sitt svæði til a.m.k. fjögurra ára í senn.
- Reiðveganefndirnar skulu skila inn framkvæmdaskýrslu ár hvert til skrifstofu LH um þegar unnin verk og gera grein fyrir úthlutuðu fjármagni til reiðvegagerðar innan síns svæðis.
- Reiðveganefndir sem trassa að skila inn framkvæmdaskýrslum, og greinargerð vegna reiðvegaframkvæmda eiga á hættu að vera ekki með við næstu úthlutun reiðvegafjár.
- Reiðveganefndirnar leitast við að efla tengsl við Vegagerðina, funda a.m.k. einu sinni á ári með forsvarsmönnum Vegagerðarinnar á viðkomandi svæðum.
- Reiðveganefndirnar kynna sér framkvæmdaáætlanir Vegagerðarinnar í sínu umdæmi og bregðast við þeim eftir því sem við á.
- Reiðveganefndirnar kynna Vegagerðinni sínar reiðvegaáætlanir.
- Reiðveganefndirnar skulu fylgjast vel með skipulagsmálum í sínu umdæmi og gera viðeigandi athugasemdir á vinnslustigi skipulags, er varðar reiðvegi, reiðleiðir eða áningarhólf.
- Hestamannafélög sem að kjósa að vera fyrir utan samstarfs reiðveganefndanna skulu ekki útilokuð frá að sækja um reiðvegafé á sitt starfssvæði.

## 5. Fundargerðir

Fundarritari er ábyrgur fyrir því að fundargerð sé skráð í samræmi við umræður og ákvarðanir fundar. Tilgangur fundargerðar er að skrá niður kjarnann í umfjöllun og ákvörðunum um dagskrárefni, skjalfesta hvaða ákvarðanir eru teknar, hvaða verkefnum er deilt út og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra verkefna.

Í fundargerð skal jafnframt skrá ef nefndarmaður eða annar víkur af fundi við umræðu eða ákvörðun dagskrárliðar, hvenær hann vék af fundi og hver ástæðan er.
Séu ákvarðanir teknar utan funda, s.s. með tölvupóstsamskiptum eða öðru móti, skal ávallt færa þær ákvarðanir til bókunar í fundargerð næsta bókaða nefndarfund, til staðfestingar.

Fundargerð skal send til nefndarmanna innan tveggja virkra daga frá fundi og nefndarmenn hafa síðan tvo virka daga til að gera athugasemdir. Fundargerð skal samþykkt formlega á næsta fundi nefndarinnar.

Fundargerðir nefndarinnar skulu vera aðgengilegar stjórn LH, eftir að þær teljast samþykktar af nefndinni.

### 6. Hæfisreglur

Samkvæmt starfsreglum stjórnar LH skulu sömu reglur gilda um hæfi og trúnað fyrir nefndarmenn. Í samræmi við það gilda eftirfarandi hæfisreglur um nefndina.

Nefndarmenn skulu ávallt gæta hæfis síns og forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum. Nefndarmönnum ber að tilkynna formanni nefndarinnar um hugsanlegt vanhæfi, gagnvart einstökum málum sem tekin eru upp í nefndinni.

Nefndarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra persónulegra hagsmuna að gæta eða félag sem þeir sitja í stjórn/varastjórn eða eru fyrirsvarsmenn fyrir. Sama gildir um þátttöku í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast venslaðir þeim með einum eða öðrum hætti.

Nefndarmaður skal víkja af fundi þegar kemur að afgreiðslu mála sem hann brestur hæfi til að taka þátt í. Bóka skal um þessi atriði í fundargerðum.

Nefndarmenn eða framkvæmdastjóri geta krafist þess að nefndarmaður víki sæti telji þeir viðkomandi nefndarmann vanhæfan til meðferðar máls. Verði ágreiningur um hæfi nefndarmanns til meðferðar einstaks máls skal nefndin taka ákvörðun þar um. Sá aðili sem talinn er vanhæfur skal ekki greiða atkvæði um hæfi sitt.

### 7. Trúnaður

Á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með vegna hagsmuna LH eða annarra hagsmuna, samkvæmt ákvæðum laga, fyrirmælum formanns eða eðli máls. Trúnaðurinn helst áfram eftir að nefndarmenn láta af störfum.

### 8. Samþykkt og gildistaka

Starfsreglur þessar eru settar með stoð í 6.2 grein laga LH. Þær voru samþykktar á fundi stjórnar LH þann 11. janúar 2025 og tóku gildi þá þegar. Samhliða falla úr gildi fyrri starfsreglur nefndarinnar.

Reglurnar skulu birtar á vefsíðu LH og kynntar þeim sem undir þær falla

## Frá fundi  Reiðveganefndar LH með Vegagerðinni 1. apríl  2025

Fundarstaður, húsakynni Vegagerðarinnar Suðurhrauni 3 í Garðabæ, salur „Stórhríð“ fundartími kl. 14:00 – 14:45.  Mætt voru frá Vegagerðinni: Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri, Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri vestursvæðis og Valtýr Þórisson deildarstjóri Áætlanadeildar, frá LH voru Jón Magnússon, Berglind Karlsdóttir, Sæmundur Eiríksson og Halldór H. Halldórsson.

**Fundarefni:**

Uppgjör reiðvegaframkvæmda ársins 2024 og úthlutun á reiðvegafé 2025.
Farið var yfir uppgjör LH vegna reiðvegaframkvæmda síðasta árs, niðurstaða var að ónýtt reiðvegafé 2024 er kr. 693.138,- og bar það saman við uppgjör Vegagerðarinnar.

Tveir reikningar bárust Vegagerðinni eftir að skráningu á síðasta ár lauk, sem er 20. jan. annars vegar reikningur frá hestamannafélaginu Jökli kr. 1.0 m.kr. og hins vegar frá hestamannafélaginu Hring kr. 0.4 m.kr. Þær fjárhæðir dragast frá þessum félögum í ár.

Reiðvegafé  2025 er kr 100.0 m.kr. að frádregnum 1.4 m.kr. eins og að ofan greinir og að viðbættu því fjármagni sem vannýtt er frá fyrra ári. Reiðvegafé til ráðstöfunnar 2025 er samkvæmt **þessu samtals kr. 99.293.138 ,- .** Staðfest var af Vegagerðarfólki að reiðvegafé sem ekki tekst að nýta á úthlutunarári flyst yfir á næsta fjárhagsár.

Fram kom að Vegagerðin leggur áherslu á að reiðvegaframkvæmdum verði lokið og að reikningar berist Vegagerðinni í **síðasta lagi þann 15 nóvember ár hvert.**

Vegagerðin leggur áherslu á að reiðvegaframkvæmdir verði teknar út af fulltrúum hennar áður en reikningar verði samþykktir til greiðslu.

Vegagerðin mun lista upp verknúmer fyrir félögin til að skrá á reikninga við uppgjör, sömuleiðis lista upp þá tengiliði hjá Vegagerðinni sem munu sjá um úttekt á reiðvegaframkvæmdum.

BÞ spurði um hvað ferðaleiðir væru, HHH og SE útskýrðu hvernig þær væru hugsaðar og hvernig til kom að veitt er sérstaklega fjármagni til þeirra.

Skráð    *HHH.*

❖

## Reiðvega- og samgöngunefnd LH 2025

### Fundargerð.

Frá fundi Reiðvega- og samgöngunefndar LH föstudaginn 14. apríl 2025, kl. 14:30 – 16:30
fundarstaður Íþróttamiðstöðin í Laugardal salur B á 3. hæð
Mættir til fundarins voru :
Jón Magnússson formaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Halldór H Halldórsson aðstoðarmaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði, Kristján Þorbjörnsson Norðursvæði 1,
Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2, Einar Á Sæmundssen Suðursvæði 1 og
Berglind Karlsdóttir framkvæmdarstjóri LH.

Tengd fjarfundarbúnaði voru : Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2,
Magnús Skúlason Austursvæði og Valberg Sigfússon Vestursvæði

Jón Magnússson formaður Reiðvega- og samgöngunefndar setti fundinn og tilnefndi
Halldór H Halldórsson sem fundarstjóra og Sæmund Eiríksson sem fundarritara.

**1. Reiðvegir 2025 - Fjárheimildir 2025.**

HH : Farið yfir skýrslu Reiðvega- og samgöngunefndar fyrir síðasta starfsár 2024.
Árið 2024 voru til úthlutunar 100 milljónir kr. til reiðvega, það er staðfest frá Vegagerðinni að til úthlutunar til reiðvegaframkvæmda þetta árið séu einnig 100.0 milljónir kr.
Nýr samgönguráherra mun leggja fram samgönguáætlun í haust og óvíst hvaða tölur verða settar þar fram til reiðvega.
Ef miðað er við árið 2009 þegar framlög til reiðvega voru 70.0 milljónir kr. ætti sú upphæð uppreiknuð að vera um 140.0 milljónir kr.

**2. Starfsreglur Reiðvega- og samgöngunefndar LH**

Stjórn LH hefur gefið út nýjar og breyttar starfsreglur fyrir nefndir á vegum LH.
Nýjar „Starfsreglur Reiðvega- og samgöngunefndar LH" kynntar nefndarmönnum.

**3. Fjárheimildir 2024**

HH : Farið yfir fjárheimildir/uppgjör 2024
Reiðvegaframkvæmdir 2024 voru samtals kr. 102.164.620,- en
fjárheimild var kr. 102.857.758 og mismunur því kr. 693.138 sem greiðist til LH.

Suðursvæði 2 : Kópur fór kr. 500.000,- fram úr heimildum.

Suðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 1.018.952 af heimild.
ES : Verkið var unnið fyrir áramót en reikningur frá verktaka kom ekki fyrr en tveim mánuðum seinna og situr Jökull líklega uppi með reikninginn.

Suðvestursvæði HH : Allir reikningar frá vertökum á SV-svæði fara í gegnum Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna og er lagt 1% álag ofan á reikninga sem fara til Vegagerðar sem greiðir til Reiðveganefndar sem svo greiðir til verktaka. Þetta er samkvæmt

samkomulagi sem gert var við Jónas Snæbjörnsson umdæmisstjóra og Bjarna Stefánsson rekstrarstjóra SV svæðis.

Vestursvæði : Hjá Dreyra standa eftir kr. 1.872.313 af heimild.
VS : Engar framkvæmdir voru hjá Dreyra.

Norðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 922.777 af heimild.
KÞ : Ekki var hægt að nýta peninga til ferðaleiða þar sem framkvæmdaleyfi vantaði frá Vegagerðinni.
Á Norðursvæði 1 sendir Reiðveganefnd reikning fyrir fjárheimild á Vegagerðina, og Reiðveganefnd borgar alla reikninga verktaka.

Norðursvæði 2 : Farið er kr. 1.692.958 fram yfir fjárheimild.
Ekki fékkst skýring á þessum mismun.

Austurvæði : Farið er kr. 200.000 fram yfir fjárheimild.
MS : Þetta er annað árið í röð sem Blær fer yfir sína fjárheimild, þarf ekki að vera sú regla hjá Vegagerðinn að ekki sé greitt meira en sem nemur fjárheimild ?

ES : Álag 1% á reikninga verktaka sem fara til Veggerðar, ætti þetta ekki að gilda fyrir öll svæði ?
Setja þarf upp á blað hverning fyrirkomulag á reikningum frá verktökum og til Vegagerðar á að vera þannig að það sé samræmi á milli landssvæða - JM

**4. Reiðvegframkvæmdir 2024 uppgjör, skil á greinagerðum og umsóknir 2025**

HH : Farið yfir skil á umsóknum, sjá hjálagt yfirlit.
Á að fara eftir því sem segir í starfsreglum að þeir sem ekki skila inn greinagerðum fái ekki úthlutað peningum til reiðvegaframkvæmda ?

ES/ÖVB : Þetta verði ítrekað og tekið harðar á því á næsta ári.

VS : Laga þarf umsóknarferlið og ef umsóknir eru ekki í lagi þá verði þær sendar til baka þar til að þær eru í lagi.

ÖVB : Óskað er eftir að SE setji upp Teams fundi með Reiðveganefndum og fari yfir og útskýri umsóknarferlið í Kortasjánni.
SE : Þetta verður skoðað fyrir næstu úthlutun - SE

HH : Ákveðið að í byrjun janúar 2026 verður kallað eftir greinargerðum vegna framkvæmda 2025 og ef engin greinargerð er komin 1. febrúar 2026 verður ekki tekið á móti umsóknum um reiðvegafé frá viðkomandi félagi.

Þau félög sem ekki hafa skilað inn greinargerðum vegna framkvæmda fyrir árið 2024 skulu gera það hið fyrsta.

## 5. Úthlutun reiðvegafjár 2025

**Landssamband hestamannafélaga**

**Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2025**

| Svæði: | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframlag Sveitarfélag, aðrir | Til ráðstöfunar Alls | Hlutfall af úthl. | Hlutfall af heild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Suðvestursvæði, Reykjanes:** | 102,404,273 kr. | 15,000,000 kr. | 34,000,000 kr. | 49,000,000 kr. | 14.90% | 26.41% |
| **Suðursvæði 1, Suðurland vestur:** | 41,000,000 kr. | 11,000,000 kr. | 9,750,000 kr. | 20,750,000 kr. | 10.92% | 11.18% |
| **Suðursvæði 2, Suðurland austur:** | 84,950,000 kr. | 10,250,000 kr. | 11,850,000 kr. | 22,100,000 kr. | 10.18% | 11.91% |
| **Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir** | 39,400,000 kr. | 10,250,000 kr. | 1,500,000 kr. | 11,750,000 kr. | 10.18% | 6.33% |
| **Norðursvæði 1, Norðvesturland:** | 42,350,000 kr. | 10,250,000 kr. | 3,150,000 kr. | 13,400,000 kr. | 10.18% | 7.22% |
| **Norðursvæði 2, Norðausturland:** | 63,969,200 kr. | 11,000,000 kr. | 7,200,000 kr. | 18,200,000 kr. | 10.92% | 9.81% |
| **Austursvæði, Austurland:** | 21,450,000 kr. | 7,250,000 kr. | 500,000 kr. | 7,750,000 kr. | 7.20% | 4.18% |
| **Ferðaleiðir** | 153,063,073 kr. | 21,000,000 kr. | 16,900,000 kr. | 37,900,000 kr. | 20.86% | 20.43% |
| **LH Ýmis reiðvegaverkefni** | 0 kr. | 693,138 kr. | 0 kr. | 693,138 kr. | 0.69% | 0.37% |
| **Reiðvegaskráning / Kortasjá** | 4,000,000 kr. | 4,000,000 kr. | 0 kr. | 4,000,000 kr. | 3.97% | 2.16% |
| **Samtals kr.** | **552,586,546 kr.** | **100,693,138 kr.** | **84,850,000 kr.** | **185,543,138 kr.** | 100.00% | 100.00% |

**Ferðaleiðir 2025**

| Hestamannafélag: | Reiðv. nr: | Reiðleið | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. aðrir | Fjárþörf | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Adam | R 20.04 | Esjuhlíðar; Kollafjörður - Bleikdalsá | 0 kr. | 8,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 8,500,000 kr. |
| Hörður | R 20.02 | Kollafjarðarleið; Mógilsá - Esjumelar | 4,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 4,500,000 kr. | 0 kr. |
| Hörður | R 10.06 | Þingvallaleið; Brúsast. - Skógarhólar | 7,600,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 7,600,000 kr. | 0 kr. |
| Sprettur | R 16.07 | Tungustígur milli vegvísa 210.10 og 210.11 | 9,450,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 9,450,000 kr. | 0 kr. |
| Sörli | R 17.02 | Óbrynnishólar; Stórhöfði að Krýsuvík | 20,780,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 20,780,000 kr. | 0 kr. |
| Fákur | R XX. | Rauðavatn norðanvert | 14,333,073 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 14,333,073 kr. | 0 kr. |
| Jökull | R XXX | Stikun reiðleiða á Lyngdalsheiði og á Grafningshálsi | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. |
| Jökull | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Jökull | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ljúfur | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Sleipnir | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Kópur | R131.15 | Holtsdalur; Holtsá - Holtsá | 800,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 800,000 kr. | 0 kr. |
| Sindri | | | 0 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 3,000,000 kr. |
| Geysir | R 32.02 | Ýmis verkefni; | 50,950,000 kr. | 0 kr. | 14,450,000 kr. | 36,500,000 kr. | 14,450,000 kr. |
| Snæfellingur | R 523.24 | Löngufjörur; | 5,500,000 kr. | 0 kr. | 200,000 kr. | 5,300,000 kr. | 200,000 kr. |
| Stormur | R XX | Bjarnardalur; Mosvellir - Hvammur í Bjarnardal | 3,200,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 3,200,000 kr. | 0 kr. |
| Borgfirðingur | R 21.06 | Nokkrar leiðir : R 121.12, 521.27, R 25.01 og R 21.06 | 5,000,000 kr. | 0 kr. | 550,000 kr. | 4,450,000 kr. | 550,000 kr. |
| | | | 0 kr. | 2,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 2,500,000 kr. |
| Glaður | R 23.10 | Búðardalur - Ljárskógarétt | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. |
| Glaður | R 23.18 | Ketilstaðir - Hella | 3,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 3,500,000 kr. | 0 kr. |
| Skagfirðingur | R 708.14 | Hegranes vestur; Sauðárkróksbraut - Skessuland | 10,000,000 kr. | 2,500,000 kr. | 1,500,000 kr. | 8,500,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Neisti/Þytur | R 702.05 | Vatnsnes; Vaðhvammur - Ásbjarnarnes | 1,200,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 1,200,000 kr. | 0 kr. |
| Léttir | R 36.09 | Hörgárdalsheiði; Staðartunga - Hálfdánartunga | 3,500,000 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 3,500,000 kr. | 3,000,000 kr. |
| Þráinn | R 38.16 | Skuggabjargarleið; Gamla Fnjóskábrú - Þjóðvegur | 1,450,000 kr. | 0 kr. | 200,000 kr. | 1,250,000 kr. | 200,000 kr. |
| Léttir | R709.23 | Þorvaldsdalur: Fornhagi - Hrafnagilsá | 8,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 8,500,000 kr. | 0 kr. |
| Hornfirðingur | | Skarðdalsleið: Hvammur-Skarðsdalur; þjóðleið | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| | | | **153,063,073 kr.** | **21,000,000 kr.** | **16,900,000 kr.** | **136,163,073 kr.** | **37,900,000 kr.** |

Tillaga að úthlutun reiðvegafjár samþykkt samhljóða

HH : Úthlutun á félögin innan hvers svæðis skal lokið 28 mars.

## 6. Önnur mál

ES : Haldnir voru opnir fundir um reiðvegamál í sveitarfélaginu sem voru mjög gagnlegir og komu þar fram margar góðar tillögur og hugmyndir. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda Landsvirkjunar í Þjórsárdal munu verða á næstu tveim til þrem árum einhverjar breytingar og mögulegar raskanir/tímabundar lokanir á reiðleiðum á þessu svæði.

ÖVB : Inn við Laugaland í Eyjafirði liggur reiðleið um mýri Laugarholtsleið R709.12.
Í gegnum árin hefur þurft að bæta efni í leiðina sem sígur endalaust ofan í mýrina. Í sumar var prófuð ný aðferð, settur var út jarðvegsdúkur og efni keyrt ofan á og hefur þetta komið vel út.

SE : Leitaorð fyrir svona framkvæmd á vefnum „geotextile fabric for road construction“

VS : Ferðaleiðir hver er ástæðan fyrir þessari úthlutun ?
HH : Þetta kom upphaflega til vegna úthlutana sem var viðhöfð á Vestursvæði áður fyrr, þá var upphæðinni inn á svæðið deilt jafnt niður á félögin óháð staðsetningu eða aðstæðum á reiðleiðum á viðkomandi félagssvæði.

SE : Á fundi Ferða- og samgöngunefndar 8. júni 2012 var fyrsta úthlutun til ferðaleiða.
Sett var fram ný og breytt tilhögun á úthlutun til ferðaleiða á fundi Ferða- og samgöngunefndar 20. mars 2015 og hefur henni verið fylgt síðan – sjá hjálagt.

ÖVB : Hestaferðafyrirtæki eru mikið að nota reiðleiðir og aðstöðu á okkar svæði.
Þetta eru stórir hópar 100 til 200 hestar og nú er svo komið að bændur á þeim svæðum þar sem ágangurinn er hvað mestur eins og við Hraunsrétt hafa rætt um að loka reiðleiðum.
Einnig er það að sjálfboðaliðar sem hafa lagt á sig mikla vinnu á okkar svæði fallast hendur þegar þessir stóru hópar sem ekkert leggja til skilja eftir skemmdir á reiðleiðum og aðstöðu.

KB : Hér á okkar svæði hafa hestaferðafyrirtækin Eldhestar og Íshestar lagt til peninga í áningahólf og eins hafa Hekluhestar lagt til í reiðleiðir á þeirra nærsvæði.

HH : Árið 2019 var reynt að fá saman öll hestaferðafyrirtæki á landinu til fundar og var tilgangurinn sá að fá fyrirtækin til þess að leggja eitthvað til reiðvegamála. Það var boðað til fundar í Laugardal, það mættu tveir og þar með rann sú tilraun út í sandinn.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.

❖

## Skipulag:

Eitt af hlutverkum reiðveganefnda er m.a. að fylgjast með og bregðast við skipulagsmálum sveitarfélaga hvað varðar reiðvegi og mannvirki þeim tengd.. Nær ómögulegt er að ná fram einhverjum breytingum þegar skipulagsferlið er farið í gang og því ekki ofbrýnt fyrir reiðveganefndum að fylgjast vel með skipulagsmálum sveitarfélaganna. Einungis er veitt reiðvegafé til þeirra reiðvega sem eru á staðfestu skipulagi sveitarfélaga. Hægt er að nálgast skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar í Kortasjánni www.map.is/lh farið er í gluggann hægra megin á skjánum og þar í Reiðvega umsóknir þá blasir við tengill á skipulagsvefsjána. Þar er að finna öll aðal- og deiliskipulög sem í gildi eru á landinu.



*Á leið frá Áfangaskála norður með Áfangafelli   ljósm. SE.*

# Reiðvegir 2024 - Fjárheimildir / uppgjör

| | | | Fjárheimild | Greiðslur | Uppgjgjör ónotað reiðvgafé |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2024 | 2024 | Staða 31.12.2024 |
| **Suðursvæði 2** | | | | | |
| Öll félögin | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Kópur | V-Skaft. | 1.500.000 kr. | 2.000.000 kr. | -500.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Sindri | Mýrdal | 1.500.000 kr. | 1.500.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Geysir | Rangárvallas. | 6.000.000 kr. | 6.000.000 kr. | 0 kr. |
| Ferðaleiðir: Geysir Ýmsar leiðir | | | 3.000.000 kr. | 2.971.729 kr. | 28.271 kr. |
| | | **Samtals:** | **12.000.000 kr.** | **12.471.729 kr.** | **-471.729 kr.** |
| **Suðursvæði 1** | | | | | |
| Öll félögin | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Ljúfur | Hverag. og Ölfusi | 3.500.000 kr. | 3.500.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Sleipnir | Selfossi og nágr. | 3.500.000 kr. | 3.500.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Háfeti | Þorlákshöfn | 3.500.000 kr. | 3.895.640 kr. | -395.640 kr. |
| Hestamannafélagið | Jökull | Uppsveitir Árn. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ferðaleiðir: Jökll og Ljúfur 1.75 m.kr. + 0.75 m.kr. | | | 2.500.000 kr. | 1.481.048 kr. | 1.018.952 kr. |
| | | **Samtals:** | **13.000.000 kr.** | **12.376.688 kr.** | **623.312 kr.** |

| Suðvestursvæði | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna:** | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Sprettur | G.bæ / Kópav. | 3.500.000 kr. | 3.535.000 kr. | -35.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Brimfaxi | Grindavík | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Fákur | Reykjavík | 3.100.000 kr. | 3.131.000 kr. | -31.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Hörður | Mosfellsbæ | 3.100.000 kr. | 3.158.169 kr. | -58.169 kr. |
| Hestamannafélagið | Sóti | Álftanesi | 800.000 kr. | 808.000 kr. | -8.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Sörli | Hafnarfirði | 3.000.000 kr. | 3.030.000 kr. | -30.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Máni | Keflavík | 1.000.000 kr. | 1.010.000 kr. | -10.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Adam | Kjósarsýslu | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ferðaleiðir: Hörður; Þingvallaleið | | | 3.500.000 kr. | 3.560.338 kr. | -60.338 kr. |
| Ferðaleiðir: Fákur; Stekkjarholtsleið,Sprettur Hei'mörk | | | 5.000.000 kr. | 5.050.000 kr. | -50.000 kr. |
| | | **Samtals:** | **23.000.000 kr.** | **23.282.507 kr.** | **-282.507 kr.** |

| Vestursvæði | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Öll félögin | | | 0 kr. | | |
| Hestamannafélagið | Borgfirðingur | Borgarfirði | 2.375.114 kr. | 2.375.114 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Dreyri | Akranesi | 1.872.313 kr. | 0 kr. | 1.872.313 kr. |
| Hestamannafélagið | Glaður | Dalasýslu | 1.574.357 kr. | 1.574.357 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Snæfellingur | Snæfellsnesi | 1.853.690 kr. | 1.853.690 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Hending | Ísafirði | 1.385.030 kr. | 1.385.030 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Stormur | Vestfjörðum | 1.189.496 kr. | 1.184.944 kr. | 4.552 kr. |
| Ferðaleiðir: Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3 | | | 3.000.000 kr. | 3.085.168 kr. | -85.168 kr. |
| | | **Samtals:** | **13.250.000 kr.** | **11.458.303 kr.** | **1.791.697 kr.** |

| Norðursvæði 1 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Öll félögin | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Snarfari | Skagaströnd | 1.950.000 kr. | 1.950.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Skagfirðingur | Skagafirði | 3.000.000 kr. | 3.000.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Neisti | A-Hún. | 2.650.000 kr. | 2.650.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Þytur | V-Hún. | 2.650.000 kr. | 2.647.454 kr. | 2.546 kr. |
| Hestamannafélagið | Glæsir | Siglufirði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ferðaleiðir: Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3 | | | 3.000.000 kr. | 2.077.223 kr. | 922.777 kr. |
| | | **Samtals:** | **13.250.000 kr.** | **12.324.677 kr.** | **925.323 kr.** |

| Norðursvæði 2 | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Öll félögin | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Léttir | Akureyri | 3.000.000 kr. | 5.000.000 kr. | -2.000.000 kr. |
| Hestamannafélagið | Funi | Eyjafirði | 2.000.000 kr. | 2.000.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Þráinn | Svalbarðsströnd | 1.000.000 kr. | 1.000.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Þjálfi | S-Þing. | 2.000.000 kr. | 1.999.400 kr. | 600 kr. |
| Hestamannafélagið | Feykir | N-Þing. | 1.000.000 kr. | 1.000.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Grani | Húsavík | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Hringur | Dalvík | 2.000.000 kr. | 1.693.558 kr. | 306.442 kr. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hestamannafélagið | Gnýfari | Ólafsfirði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Snæfaxi | Langanesbyggð | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ferðaleiðir : Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3 | | | 2.500.000 kr. | 2.500.000 kr. | 0 kr. |
| | | **Samtals:** | **13.500.000 kr.** | **15.192.958 kr.** | **-1.692.958 kr.** |
| **Austursvæði** | | | | | |
| Öll félögin | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Glófaxi | Vopnafirði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Hornfirðingur | Hornafirði | 2.700.000 kr. | 2.700.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Freyfaxi | S-Múlasýslu | 2.700.000 kr. | 2.700.000 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Geisli | Breiðdalsvík | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hestamannafélagið | Blær | Norðfirði | 1.600.000 kr. | 1.800.000 kr. | -200.000 kr. |
| Ferðaleiðir Hornfirðingur; flutt á hmf. Fák. | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| | | **Samtals:** | **7.000.000 kr.** | **7.200.000 kr.** | **-200.000 kr.** |
| | | **Samtals:** | **95.000.000 kr.** | **94.306.862 kr.** | **693.138 kr.** |
| LH Ýmis reiðvegaverkefni | | | 2.857.758 kr. | 2.857.758 kr. | 0 kr. |
| Skráning reiðleiða til Kortasjá LH | | | 5.000.000 kr. | 5.000.000 kr. | 0 kr. |
| | | **Samtals:** | **102.857.758 kr** | **102.164.620 kr** | **693.138 kr.** |
| **Samtals reiðvegaframkvæmdir 31.12. 2024** | | | | **102.164.620 kr** | |

❖



*Ólafsvörður á Stórasandi        ljósm.  SE*

## Umsóknir og úthlutun reiðvegafjár 2025

Mismunur sem er milli eftirfarandi umsókna og úthlutana og þeirrar sem er í fundargerð Reiðveganefndarinnar er sá að umsókn hmf Hendingar 3.0 m.kr hafði fallið milli skips og bryggju, en var fyllilega lögmæt. Hvað varðar mismun á úthlutunum þá bárust reikningar frá tveimur félögum vegna reiðvegaframkvæmda síðasta árs eftir að lokað hafði verið á skráningu hjá Vegagerðinni. Annars vegar frá hmf Jökli 1.0 m.kr. og frá hmf Hring 0.4 m.kr. og er greiðsla vegna þeirra teknar af þessa árs reiðvegafé.

**Landssamband hestamannafélaga**

**Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2025**

| Svæði: | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframlag Sveitarfélag, aðrir | Til ráðstöfunar Alls | Hlutfall af úthl. | Hlutfall af heild |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Suðvestursvæði, Reykjanes: | 102,404,273 kr. | 15,000,000 kr. | 34,200,000 kr. | 49,200,000 kr. | 15.11% | 26.69% |
| Suðursvæði 1, Suðurland vestur: | 41,000,000 kr. | 10,000,000 kr. | 9,750,000 kr. | 19,750,000 kr. | 10.07% | 10.71% |
| Suðursvæði 2, Suðurland austur: | 84,950,000 kr. | 10,250,000 kr. | 11,850,000 kr. | 22,100,000 kr. | 10.32% | 11.99% |
| Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir | 42,400,000 kr. | 10,250,000 kr. | 1,500,000 kr. | 11,750,000 kr. | 10.32% | 6.37% |
| Norðursvæði 1, Norðvesturland: | 42,350,000 kr. | 10,250,000 kr. | 3,150,000 kr. | 13,400,000 kr. | 10.32% | 7.27% |
| Norðursvæði 2, Norðausturland: | 63,969,200 kr. | 10,600,000 kr. | 7,200,000 kr. | 17,800,000 kr. | 10.68% | 9.66% |
| Austursvæði, Austurland: | 21,450,000 kr. | 7,250,000 kr. | 500,000 kr. | 7,750,000 kr. | 7.30% | 4.20% |
| Ferðaleiðir | 153,063,073 kr. | 21,000,000 kr. | 16,900,000 kr. | 37,900,000 kr. | 21.15% | 20.56% |
| LH Ýmis reiðvegaverkefni | 0 kr. | 693,138 kr. | 0 kr. | 693,138 kr. | 0.70% | 0.38% |
| Reiðvegaskráning / Kortasjá | 4,000,000 kr. | 4,000,000 kr. | 0 kr. | 4,000,000 kr. | 4.03% | 2.17% |
| **Samtals kr.** | **555,586,546 kr.** | **99,293,138 kr.** | **85,050,000 kr.** | **184,343,138 kr.** | 100.00% | 100.00% |

| Félag | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. Sveitarfél, aðrir | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|
| **Suðvesturland / höfuðborgarsvæðið:** | | | | |
| Félögin á Suðvestursvæði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Adam , Kjósarsýslu | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Brimfaxi, Grindavík og nágr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Fákur, Reykjavík | 14,333,073 kr. | 3,300,000 kr. | 0 kr. | 3,300,000 kr. |
| Hörður, Mosfellsbæ | 14,800,000 kr. | 3,300,000 kr. | 0 kr. | |
| Máni, Reykjanesbæ | 3,600,000 kr. | 800,000 kr. | 400,000 kr. | 1,200,000 kr. |
| Sóti, Álftanesi | 3,200,000 kr. | 800,000 kr. | 800,000 kr. | 1,600,000 kr. |
| Sprettur, Garðabæ og Kópavogi | 48,048,000 kr. | 3,800,000 kr. | 33,000,000 kr. | 36,800,000 kr. |
| Sörli Hafnarfirði | 18,423,200 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 3,000,000 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **102,404,273 kr.** | **15,000,000 kr.** | **34,200,000 kr.** | **45,900,000 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 56,663,073 kr. | 8,500,000 kr. | 0 kr. | 8,500,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 23,500,000 kr. | | **54,400,000 kr.** |

| Félag | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. Sveitarfélag, aðrir | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|
| **Suðursvæði 1, Suðurland vestur :** | | | | 0 kr. |
| Jökull, Uppsveitir á Suðursvæði 1 | 13,000,000 kr. | 10,000,000 kr. | 2,750,000 kr. | 12,750,000 kr. |
| Ljúfur, Hveragerði, Ölfus | 11,000,000 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. | 1,500,000 kr. |
| | 0 kr. | | 0 kr. | 0 kr. |
| Sleipnir, Selfoss og nágrenni | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Háfeti, Þorlákshöfn | 17,000,000 kr. | 0 kr. | 5,500,000 kr. | 5,500,000 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **41,000,000 kr.** | **10,000,000 kr.** | **9,750,000 kr.** | **19,750,000 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | **11,500,000 kr.** | | **21,250,000 kr.** |

| | Umsókn | Úthlutun | Mótframl. | Fé til ráðstöfunar |
|---|---|---|---|---|
| **Félag** | 2025 | 2025 | Sveitarfélag, aðrir | Alls |
| **Suðursvæði 2, Suðurland austur:** | | | | |
| Félögin á Suðursvæði 2: | | | | |
| sameiginleg umsókn | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Geysir, Rangárvallasýslu | 59,550,000 kr. | 6,950,000 kr. | 11,850,000 kr. | 18,800,000 kr. |
| Kópur, Vestur Skaftafellssýslu | 13,400,000 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. |
| Sindri, Mýrdal | 12,000,000 kr. | 1,800,000 kr. | 0 kr. | 1,800,000 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **84,950,000 kr.** | **10,250,000 kr.** | **11,850,000 kr.** | **22,100,000 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 51,750,000 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 3,000,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 13,250,000 kr. | | **25,100,000 kr.** |

| | Umsókn | Úthlutun | Mótframl | Fé til ráðstöfunar |
|---|---|---|---|---|
| **Félag** | 2025 | 2025 | Sveitarfélag, aðrir | Alls |
| **Vestursvæði , Vesturland / Vestfirðir** | | | | |
| Félögin á Vesturlandi og Vestfjörðum: | | | | |
| Sameiginleg umsókn. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Borgfirðingur | 10,000,000 kr. | 2,334,722 kr. | 1,200,000 kr. | 3,534,722 kr. |
| Dreyri, Akranesi og nágr. | 15,000,000 kr. | 1,993,056 kr. | 0 kr. | 1,993,056 kr. |
| Glaður, Dalabyggð | 6,000,000 kr. | 1,522,515 kr. | 0 kr. | 1,522,515 kr. |
| Snæfellingur, Snæfellsnesi | 4,400,000 kr. | 1,843,202 kr. | 300,000 kr. | 1,672,660 kr. |
| Hending, Ísafirði | 3,000,000 kr. | 1,372,660 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Stormur, Vestfirðir | 4,000,000 kr. | 1,183,845 kr. | 0 kr. | 1,183,845 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **42,400,000 kr.** | **10,250,000 kr.** | **1,500,000 kr.** | **9,906,798 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 18,700,000 kr. | 2,500,000 kr. | 0 kr. | 2,500,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 12,750,000 kr. | | **12,406,798 kr.** |

| | Umsókn | Úthlutun | Mótframlag | Fé til ráðstöfunar |
|---|---|---|---|---|
| **Félag** | 2025 | 2025 | Sveitarfélag, aðrir | Alls |
| **Norðursvæði 1 Norðurvesturland:** | | | | |
| Félögin á Norðvesturlandi: | | 0 kr. | | 0 kr. |
| Þytur, Vestur Húnavatnssýslu | 15,600,000 kr. | 2,650,000 kr. | 1,000,000 kr. | 3,650,000 kr. |
| Neisti, Austur Húnavatnssýslu | 6,500,000 kr. | 2,650,000 kr. | 650,000 kr. | 3,300,000 kr. |
| Skagfirðingur, Skagafirði | 18,250,000 kr. | 3,000,000 kr. | 1,500,000 kr. | 4,500,000 kr. |
| Glæsir, Siglufirði ( fylgir NA svæði ) | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Snarfari, Skagaströnd | 2,000,000 kr. | 1,950,000 kr. | 0 kr. | 1,950,000 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **42,350,000 kr.** | **10,250,000 kr.** | **3,150,000 kr.** | **13,400,000 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 11,200,000 kr. | 2,500,000 kr. | 1,500,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 12,750,000 kr. | | **17,400,000 kr.** |

| | Umsókn | Úthlutun | Mótframl. | Fé til ráðstöfunar |
|---|---|---|---|---|
| **Félag** | 2024 | 2024 | Sveitarfél., aðrir | Alls |
| **Norðursvæði 2, Norðausturland:** | | | | |
| Félögin á Norðausturlandi | | 0 kr. | | 0 kr. |
| Léttir, Akureyri og nágr. | 19,850,000 kr. | 2,000,000 kr. | 0 kr. | 2,000,000 kr. |
| Funi, Eyjafjarðarsveit | 11,000,000 kr. | 2,000,000 kr. | 2,200,000 kr. | 4,200,000 kr. |
| Þjálfi, Suður Þingeyjarsýslu / með Létti | 3,619,200 kr. | 2,000,000 kr. | 0 kr. | 2,000,000 kr. |
| Grani, Húsavík | 9,500,000 kr. | 1,000,000 kr. | 3,000,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Þráinn, Svalbarðsströnd | 5,450,000 kr. | 1,000,000 kr. | 1,500,000 kr. | 2,500,000 kr. |
| Feykir, Norður Þingeyjarsýslu | 3,750,000 kr. | 1,000,000 kr. | 500,000 kr. | 1,500,000 kr. |
| Hringur, Dalvík og nágr. | 8,800,000 kr. | 1,600,000 kr. | 0 kr. | 1,600,000 kr. |
| Glófaxi Vopnafirði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Gnýfari / Glæsir Fjallabyggð | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Snæfaxi, Langanesbyggð og Raufarhöfn | 2,000,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **63,969,200 kr.** | **10,600,000 kr.** | **7,200,000 kr.** | **17,800,000 kr.** |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 13,450,000 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 3,000,000 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 13,600,000 kr. | | **20,800,000 kr.** |

| Félag | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. Sv.félag, aðrir | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|
| **Austursvæði, Austurland:** | | | | |
| Félögin á Austurlandi: | | 0 kr. | | 0 kr. |
| Blær, Fjarðabyggð | 2,950,000 kr. | 1,650,000 kr. | 0 kr. | 1,650,000 kr. |
| Goði, Fáskrúðsfirði | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Freyfaxi, Suður Múlasýslu | 7,000,000 kr. | 2,900,000 kr. | 500,000 kr. | 3,400,000 kr. |
| Hornfirðingur, Austur Skaftafellssýslu | 11,500,000 kr. | 2,700,000 kr. | 0 kr. | 2,700,000 kr. |
| Geisli, Breiðdalsvík og nágr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| **Öll félögin samtals:** | **21,450,000 kr.** | **7,250,000 kr.** | **500,000 kr.** | **7,750,000 kr.** |
| | | | | |
| **Ferðaleiðir:** Sjá úthlutun á flipa 3; Ferðaleiðir: | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ráðstöfun reiðvegafjár samt.kr. | | 7,250,000 kr. | | **7,750,000 kr.** |

| Ferðaleiðir | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. Sv.félag, aðrir | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|
| | | 0 kr. | | |
| Suðvestursvæði, Suðvesturland | 56,663,073 kr. | 8,500,000 kr. | 0 kr. | 8,500,000 kr. |
| Suðursvæði 1, Suðurland vestur | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. |
| Suðursvæði 2, Suðurland austur | 51,750,000 kr. | 3,000,000 kr. | 14,450,000 kr. | 17,450,000 kr. |
| Vestursvæði 1, Vesturland / Vestfirðir | 18,700,000 kr. | 2,500,000 kr. | 750,000 kr. | 3,250,000 kr. |
| Norðursvæði 1, Norðvesturland | 11,200,000 kr. | 2,500,000 kr. | 1,500,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Norðursvæði 2, Norðausturland | 13,450,000 kr. | 3,000,000 kr. | 200,000 kr. | 3,200,000 kr. |
| Austursvæði, Austurland Jökulsárhlíð að Gígjukvísl | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Til ferðaleiða samt.kr. | **153,063,073 kr.** | **21,000,000 kr.** | **16,900,000 kr.** | **37,900,000 kr.** |

| Reiðvegaskráning | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframlag Vegagerðin | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|
| **Ferða- og samgöngunefnd LH** | | | | |
| Reiðvegaskrá / Kortasjá | 4,000,000 kr. | 4,000,000 kr. | 0 kr. | 4,000,000 kr. |
| LH til Ýmissa verkefna eftirstöðvar frá 2023 | 0 kr. | 693,138 kr. | 0 kr. | 693,138 kr. |
| | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| **ALLS:** | **4,000,000 kr.** | **4,693,138 kr.** | **0 kr.** | **4,693,138 kr.** |

| Hestamannafélag: | Reiðv. nr: | **Ferðaleiðir 2025** Reiðleið | Umsókn 2025 | Úthlutun 2025 | Mótframl. aðrir | Fjárþörf | Fé til ráðstöfunar Alls |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Adam | R 20.04 | Esjuhlíðar; Kollafjörður - Bleikdalsá | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Hörður | R 20.02 | Kollafjarðarleið; Mógilsá - Esjumelar | 4,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 4,500,000 kr. | 0 kr. |
| Hörður | R 10.06 | Þingvallaleið; Brúsast. - Skógarhólar | 7,600,000 kr. | 4,000,000 kr. | 0 kr. | 7,600,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Sprettur | R 16.07 | Tungustígur milli vegvísa 210.10 og 210.11 | 9,450,000 kr. | 2,500,000 kr. | 0 kr. | 9,450,000 kr. | 2,500,000 kr. |
| Sörli | R 17.02 | Óbrynnishólar; Stórhöfði að Krýsuvík | 20,780,000 kr. | 2,000,000 kr. | 0 kr. | 20,780,000 kr. | 2,000,000 kr. |
| Fákur | R XX. | Rauðavatn norðanvert | 14,333,073 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 14,333,073 kr. | 0 kr. |
| Jökull | R XXX | Stikun reiðleiða á Lyngdalsheiði og á Grafningshálsi | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. | 0 kr. | 1,300,000 kr. | 1,500,000 kr. |
| Jökull | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Jökull | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Ljúfur | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Sleipnir | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Kópur | R131.15 | Holtsdalur; Holtsá - Holtsá | 800,000 kr. | 500,000 kr. | 0 kr. | 800,000 kr. | 500,000 kr. |
| Sindri | | Áningarhólf | 0 kr. | 500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 500,000 kr. |
| Geysir | R 32.02 | Ýmis verkefni; | 50,950,000 kr. | 2,000,000 kr. | 14,450,000 kr. | 36,500,000 kr. | 16,450,000 kr. |
| Snæfellingur | R 523.24 | Löngufjörur; | 5,500,000 kr. | 668,864 kr. | 200,000 kr. | 5,300,000 kr. | 868,864 kr. |
| Stormur | R XX | Bjarnardalur; Mosvellir - Hvammur í Bjarnardal | 3,200,000 kr. | 432,051 kr. | 0 kr. | 3,200,000 kr. | 432,051 kr. |
| Borgfirðingur | R 21.06 | Nokkrar leiðir : R 121.12, 521.27, R 25.01 og R 21.06 | 5,000,000 kr. | 845,398 kr. | 550,000 kr. | 4,450,000 kr. | 1,395,398 kr. |
| | | | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| Glaður | R 23.10 | Búðardalur - Ljárskógarétt | 1,500,000 kr. | 553,687 kr. | 0 kr. | 1,500,000 kr. | 553,687 kr. |
| Glaður | R 23.18 | | 3,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 3,500,000 kr. | 0 kr. |
| Skagfirðingur | R 708.14 | Hegranes vestur; Sauðárkróksbraut - Skessuland | 10,000,000 kr. | 2,500,000 kr. | 1,500,000 kr. | 8,500,000 kr. | 4,000,000 kr. |
| Neisti/Þytur | R 702.05 | Vatnsnes; Vaðhvammur - Ásbjarnarnes | 1,200,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 1,200,000 kr. | 0 kr. |
| Léttir | R 36.09 | Hörgárdalsheiði; Staðartunga - Hálfdánartunga | 3,500,000 kr. | 3,000,000 kr. | 0 kr. | 3,500,000 kr. | 3,000,000 kr. |
| Þráinn | R 38.16 | Skuggabjargarleið; Gamla Fnjóskábrú - Þjóðvegur | 1,450,000 kr. | 0 kr. | 200,000 kr. | 1,250,000 kr. | 200,000 kr. |
| Léttir | R709.23 | Þorvaldsdalur: Fornhagi - Hrafnagilsá | 8,500,000 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 8,500,000 kr. | 0 kr. |
| Hornfirðingur | | Skarðdalsleið: Hvammur-Skarðsdalur; þjóðleið | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. | 0 kr. |
| | | | **153,063,073 kr.** | **21,000,000 kr.** | **16,900,000 kr.** | **136,163,073 kr.** | **37,900,000 kr.** |

## Yfirlit yfir umsóknir og úthlutanir reiðvegafjár sl. 10 ára

| Ár | Umsóknir hestamannafélaga | Úthlutun af vegafé | Framlag sveitarfélaga | Fé til ráðstöfunnar |
|---|---|---|---|---|
| 2016 | 256.000.000 kr | 60.000.000 kr | 69.000.000 kr | 129.000.000 kr |
| 2017 | 274.000.000 kr | 60.000.000 kr | 67.000.000 kr | 127.000.000 kr |
| 2018 | 306.000.000 kr | 60.000.000 kr | 65.000.000 kr | 125.000.000 kr |
| 2019 | 322.000.000 kr | 75.000.000 kr | 76.000.000 kr | 151.000.000 kr |
| 2020 | 319.000.000 kr | 75.000.000 kr | 72.000.000 kr | 147.000.000 kr |
| 2021 | 297.000.000 kr | 125.000.000 kr | 66.000.000 kr | 191.000.000 kr |
| 2022 | 420.000.000 kr | 125.000.000 kr | 64.000.000 kr | 189.000.000 kr |
| 2023 | 549.000.000 kr | 84.000.000 kr | 83.000.000 kr | 167.000.000 kr |
| 2024 | 532.917.400 kr | 102.857.758 kr | 85.550.000 kr | 188.407.758 kr |
| 2025 | 552.586.546 kr | 100.693.138 kr | 84.850.000 kr | 185.543.138 kr |
| **Samtals** | **3.828.503.946 kr** | **867.550.896 kr** | **647.634.850 kr** | **1.429.850.896 kr** |






Svæðaskipting Vegagerðarinnar, punktalínur og svæðaskipting reiðveganefnda landsvæða blá lína.

## Tengiliðir við Vegagerðina:

Skrá yfir tengiliði Vegagerðarinnar við hestamannafélögin , einnig verknúmer reiðvegaframkvæmda sem skulu fylgja reikningum til Vegagerðarinnar.

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Suðvesturland / höfuðborgarsvæðið:** | | | | |
| Félögin á Suðvestursvæði | | | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Adam , Kjósarsýslu | 6190-20/030 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Brimfaxi, Grindavík og nágr. | 6190-20/022 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Fákur, Reykjavík | 6190-20/025 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Hörður, Mosfellsbæ | 6190-20/026 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Máni, Reykjanesbæ | 6190-20/023 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Sóti, Álftanesi | 6190-20/027 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Sprettur, Garðabæ og Kópavogi | 6190-20/028 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Sörli Hafnarfirði | 6190-20/029 | Brynjar Sigurjónsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Suðursvæði 1, Suðurland vestur :** | | | | |
| Jökull, Uppsveitir á Suðursvæði 1 | 6190-20/024 | Einar Þór Stefánsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Ljúfur, Hveragerði og nágr. | 6190-20/011 | Einar Þór Stefánsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Sleipnir, Árborg og nágr. | 6190-20/010 | Einar Þór Stefánsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Háfeti, Þorlákshöfn, Ölfus | 6190-20/016 | Einar Þór Stefánsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Suðursvæði 2, Suðurland austur:** | | | | |
| Félögin á Suðursvæði 2: | | | | |
| sameiginleg umsókn | | | | |
| Geysir, Rangárþing ytra | 6190-20/013 | Einar Þór Stefánsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Kópur, Kirkjubæjarklaustur og nágr. | 6190-20/014 | Ágúst Freyr Bjartmarsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |
| Sindri, Mýrdal, Rangárþing eystra | 6190-20/012 | Ágúst Freyr Bjartmarsson | Bjarni Stefánsson | Svanur G. Bjarnason |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Vestursvæði , Vesturland / Vestfirðir** | | | | |
| Félögin á Vesturlandi og Vestfjörðum: | | | | |
| Sameiginleg umsókn. | | | | |
| Borgfirðingur, Borgarfjarðarhéruð | 6190-40/014 | Guðmundur S. Pétursson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |
| Dreyri, Akranesi og nágr. | 6190-40/010 | Guðmundur S. Pétursson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |
| Glaður, Dalabyggð | 6190-40/011 | Guðmundur S. Pétursson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |
| Snæfellingur, Snæfellsnesi | 6190-40/012 | Guðmundur S. Pétursson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |
| Hending, Ísafirði | 6190-40/030 | Geir Sigurðsson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |
| Stormur, Vestfirðir | 6190-40/031 | Geir Sigurðsson | Kristinn Gunnar K. Lyngmo | Pálmi Þór Sævarsson |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Norðursvæði 1 Norðurvesturland:** | | | | |
| Félögin á Norðvesturlandi: | | | | |
| Þytur, Vestur Húnavatnssýslu | 6190-50/025 | Birgir Þór Þorbjörnsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H. Guðmundsson |
| Neisti, Austur Húnavatnssýslu | 6190-50/026 | Birgir Þór Þorbjörnsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H. Guðmundsson |
| Skagfirðingur, Skagafirði | 6190-50/031 | Páll Sighvatsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H. Guðmundsson |
| Glæsir, Siglufirði ( fylgir NA svæði ) | 6190-50/032 | | | |
| Snarfari, Skagaströnd | 6190-50/030 | Páll Sighvatsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H. Guðmundsson |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Norðursvæði 2, Norðausturland:** | | | | |
| Félögin á Norðausturlandi | | | | |
| Léttir, Akureyri og nágr. | 6190-50/013 | Sigurður Helgason | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Funi, Eyjafjarðarsveit | 6190-50/022 | Sigurður Helgason | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Þjálfi, Suður Þingeyjarsýslu / með Létti | 6190-50/012 | Þ. Jón Ingólfsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Grani, Húsavík | 6190-50/019 | Þ. Jón Ingólfsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Þráinn, Svalbarðsströnd | 6190-50/014 | Sigurður Helgason | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Feykir, Norður Þingeyjarsýslu | 6190-50/021 | Þ. Jón Ingólfsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Hringur, Dalvík og nágr. | 6190-50/023 | Sigurður Helgason | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Glófaxi Vopnafirði | | Björn H Sigurbjörnsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Gnýfari / Glæsir Fjallabyggð | 6190-50/032 | Sigurður Helgason | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |
| Snæfaxi, Langanesbyggð og Raufarhöfn | 6190-50/011 | Björn H Sigurbjörnsson | Heimir Gunnarsson | Gunnar H Guðmundsson |

| Félag | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni | Yfirverkstjóri | Deildarstjóri Þjónustudeildar | Svæðisstóri |
|---|---|---|---|---|
| **Austursvæði, Austurland:** | | | | |
| Félögin á Austurlandi: | | | | |
| Blær, Fjarðabyggð | 6190-60/010 | | Sveinn Sveinsson | Loftur Þór Jónsson |
| Goði, Fáskrúðsfirði | | | Sveinn Sveinsson | Loftur Þór Jónsson |
| Freyfaxi, Suður Múlasýslu | 6190-60/013 | | Sveinn Sveinsson | Loftur Þór Jónsson |
| Hornfirðingur, Austur Skaftafellssýslu | 6190-60/014 | G. Rúnar Sigurðsson | Sveinn Sveinsson | Loftur Þór Jónsson |

| Reiðvegaskráning | Verknúmer/verkþáttur hjá Vegagerðinni |
|---|---|
| **Ferða- og samgöngunefnd LH** | |
| Reiðvegaskrá / Kortasjá | 6910-10/010 |
| LH til Eftirstöðvar frá fyrra ári, ýmis verkefni | 6910-10/010 |

 

*Reiðleið / þjóðleið, Síldarmannagötur, hér er viðhalds þörf.    Ljósm. SE*

❖

**Kortasjá:**

Áður hefur verið greint frá að ýmsar nýungar eru komnar í Kortasjána www.map.is/lh
Helst má helst nefna t.d. beina tengingu við Reiðvegahandbókina. Vefsvæði Skipulagsstofnunar þar sem hægt er að kynna sér m.a. aðal- og deiliskipulög sem í gildi eru hverju sinni. Hestamannafélög staðsetningu og félagafjölda þeirra auk tenginga á heima- og facebook síður. Slysaskráningu hestaslysa. Friðuð svæði og þjóðgarða. Reiðvegaframkvæmdir frá 2011. Ljósmyndir. Skálar og þjónusta. Áningarhólf og um 15.000 km af skráðum reiðleiðum sem hægt er að yfirfæra í gps tæki.
Allar umsóknir um reiðvegafé sem og skil á greinargerðum vegna reiðvegaframkvæmda skulu berast LH um kortasjána.

❖

## Starfshópur um stöðu reiðvegamála á Íslandi
## Forgangsröðun reiðvega til samgönguáætlunar 2023-2037

**Inngangur**

Áður hefur verið greint frá ( Sjá skýrslur 2023 / 2024 ) að Innviðaráðherra skipaði starfshóp síðla árs 2022 til að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma og til að vinna tillögur út frá þeim fyrir samgönguáætlun 2023-2037. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt var formaður starfshópsins, fulltrúa innanríkisráðuneytisins og tveimur fulltrúum LH, auk þess sem Halldór H. Halldórsson, var starfshópnum til ráðgjafar, Sæmundur Eiríksson varaformaður Reiðvega- og samgöngunefndar kom einnig að verulegu leyti að störfum nefndarinnar og sá m.a. alfarið um reiðvegaskráninguna.
Samkvæmt skipunarbréfi var starfshópnum ætlað að taka saman upplýsingar um stöðu reiðvegamála hér á landi, vinna og kostnaðarmeta tillögu að áætlun í reiðvegmálum til framtíðar, tillögum sem ætlað er að nýtist m.a. við mótun samgönguáætlana og við forgangsröðun framkvæmda á reiðvegum.

**Mat á ástandi**

Upplýsingar um lengd reiðvega voru sóttar í Kortasjá LH og voru reiðvegir flokkaðir eftir svæðum. Reiðveganefndum í öllum hestamannafélögum innan LH var falið að gera grófa áætlun um hverra úrbóta er þörf á hverju svæði fyrir sig, flokkað eftir þéttbýlisleiðum, stofnleiðum og héraðs- og ferðaleiðum.
Óskað var eftir grófu mati á:

a. ástandi reiðstíga (sbr. flokkun í reiðvegahandbók bls. 63)
b. lengd þeirra kafla á reiðstígunum þar sem úrbóta er þörf innan fimm ára
c. lengd þeirra kafla akvega sem lagðir hafa verið bundnu slitlagi án þess að reiðstígur hafi verið lagður við hlið.

Við mat á kostnaði var stuðst við töflu 2.1, tölurnar í töflunni eru viðmiðunarverð út frá þeim framkvæmdum sem reiðveganefndir höfðu unnið að.

| **Aðg erð** | **Verklag** | **kostnaður/km** |
|---|---|---|
| 1 | grjóthreinsa reiðleið, hreinsa burt fyrirstöður og grafa vatnsrásir | 300,000 |
| 2 | mölun á reiðleið með steinbrjót | 250,000 |
| 3 | yfirborðsefni 10 sm útlagt | 1,700,000 |
| 4 | burðarlag ofan á eldri veg 20 sm, og yfirborðsefni 10 sm útlagt | 5,000,000 |
| 5 | nýr reiðvegur, ryðja vegstæði, burðarlag 30 sm, yfirborðsefni 10 sm útlagt | 6,500,000 |
| 6 | reiðslóð með akvegi sem lagt hefur verið bundnu slitlagi | 2,500,000 |

*Tafla 2.1 Kostnaður eftir tegund aðgerða*

## Samantekt og tillögur

Starfshópurinn tók saman áætlað heildar umfang við uppbyggingu reiðvegakerfisins miðað við stöðuna, út frá heildar lengd reiðstígakerfisins og viðmiðunarverðum í töflu 2.1 við uppbygginu reiðstíga sbr. töflu 3.1

| Gerð reiðstíga | km | Heildar kostn |
|---|---|---|
| Stofnleiðir | 5.283,3 | 5.081.917.200 |
| Héraðsleiðir/ ferðaleiðir | 8.035,5 | 5.799.475.050 |
| Þéttbýlisleiðir | 607,2 | 1.312.968.450 |
| *Reiðfært meðfram slitlagi | 550,2 | 1.375.500.000 |
| Samtals | **14.475,3** | **13.569.860.700** |

*Tafla 3.1 Samantekt miðað við gerð og hlutverk reiðvega á landsvísu heildar km fjöldi ásamt áætluðum heildar kostnaði við uppbyggingu stígakerfisins.*

Ljóst er að verkefnið er umfangsmikið og stórt ef koma á öllum reiðvegum landsins í viðunandi horf. Starfshópurinn leggur áherslu á að annars vegar verði uppbygging

stofnleiða í reiðstígakerfinu sett í forgang, samantekt á áætluðu umfangi við uppbygginguna stofnleiða kerfis má finna í töflu 3.2, hins vegar verði lögð áhersla á að gerð sé reiðfær slóð meðfram slitlagi þar sem því er ábótavant, sjá töflu 3.1.

| Aðgerð | Kostnaður m.kr/km | km | Samtals [m.kr] |
|---|---|---|---|
| 1 | 300.000 | 3.139,1 | 941.717.700 |
| 2 | 250.000 | 352,0 | 87.995.250 |
| 3 | 1.700.000 | 1.311,3 | 2.229.284.800 |
| 4 | 5.000.000 | 144,5 | 722.435.000 |
| 5 | 6.500.000 | 159,8 | 1.039.018.500 |
| 6 | 2.500.000 | 339,3 | 848.250.000 |
| samtals | | **5.446** | **5.868.701.250** |

*Tafla 3.2. Áætlaður framkvæmdakostnaður eftir aðgerðum óháð gerð reiðvegar. Framkvæmdakostnaður Stofnleiðir aðgerðir 1-6*

Eftir því sem reiðvegakerfið stækkar er ljóst að gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni til viðhalds. Reiðvegir þurfa mismikið viðhald og er það háð aðstæðum á hverjum stað, svo sem álagi og veðurfari, en reikna má með að alla jafna þurfi reiðvegir viðhald á fimm ára fresti miðað við aðgerð 3 í töflu 2.1.

Úthlutanir reiðvegafjár til hestamannafélganna sl. ár hafa nýst vel og hafa sveitarfélögin lagt til rausnarlegt mótframlag sem tryggir enn betur nýtingu fjárveitinganna. Umsóknir hestamannafélaga hafa þó verið um helmingi hærri en samanlagt fjármagn reiðvegafjár og framlags sveitarfélaga eins og gert er grein fyrir í töflu 3.3

Út frá þeim forsendum sem starfshópurinn hefur unnið eftir leggur hópurinn til að fjárveitingar til uppbygginu reiðvegakerfis á Íslandi verði auknar til muna. Tillögur hópsins má sjá í töflu. 3.4.

| | ***1.Tímabil*** | ***2.Tímabil*** | ***3.Tímabil*** | ***samtals*** |
|---|---|---|---|---|
| ***Viðhald*** | ***500*** | ***600*** | ***750*** | ***1.850*** |
| ***Stofnleiðir*** | ***500*** | ***400*** | ***400*** | ***1.300*** |
| ***Reiðfært meðfram slitlagi*** | ***500*** | ***400*** | ***300*** | ***1.200*** |
| | ***1.500*** | ***1.400*** | ***1.450*** | ***4.350*** |

*Tafla 3.4 Tillaga að fjárveitingu til uppbyggingu og viðhalds reiðvegakerfisins á Íslandi*

| | *2023* | *2024* | *2025* | *2026* | *2027* | *samtals* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ***Viðhaldsfé*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***500*** |
| ***Stofnleiðir*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***500*** |
| ***Reiðfært meðfram slitlagi*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***100*** | ***500*** |
| ***Samtals*** | ***300*** | ***300*** | ***300*** | ***300*** | ***300*** | ***1.500*** |

*Tafla 3.5 eru tillögur til fjárveitingu í milljónum króna á ári næstu fimm árin.*

Hér er lagt til að fjárveiting til reiðvega á Íslandi verði 300 milljónir kr. á ári næstu fimm árin, en það er sú upphæð sem starfshópurinn telur að fari langt með að koma reiðvegamálum í viðunandi horf til lengri tíma litið. Gera þarf ráð fyrir auknu fjármagni til viðhalds á reiðvegakerfinu, því eftir því sem fleiri nýir reiðvegir eru lagðir stækkar reiðvegakerfið sem halda þarf við.
Lagt er til að sami háttur verði hafður á og verið hefur, að LH sjái um skiptingu reiðvegafjár á milli landshluta.

Það er mat starfshópsins að reiðvegamál á Íslandi sé málaflokkur sem hefur verið vanfjármagnaður til lengri tíma og því er uppsöfnuð þörf fyrir auknar fjárveitingar til að koma þessum málum í sæmilegt horf. Stór hluti af uppsöfnuðum vanda er að nokkur vanhöld hafa verið á því að lagður sé reiðfær slóði þar sem lagt er bundið slitlag, sem hluti af útboði verks, eins og kveðið er á um í samkomulagi Vegagerðarinnar og LH frá í apríl 2022.

❖

Svo sem sjá má af því er fram kemur í áliti starfshópsins hér að ofan þá er verulegs átaks þörf til að koma reiðvegakerfinu í viðunandi ástand.
Tillögur starfshópsins um 300 m. kr. árlegt framlag næstu fimm árin er mjög svo hóflegar, en hverjar tölurnar verða þegar ný samgönguáætlun verður kynnt nú á 157 haustþingi Alþingis bíðum við hestamenn spennt eftir að komi fram.

Hestamenn verða að fylgja þessu áliti eða niðurstöðu starfshópsins fast eftir við ákvarðanir stjórnvalda um fjárframlög til reiðvega í samgönguáætlunum.

Bent hefur verið á að framlag hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu til þjóðarbúsins er mælt í milljörðum kr. á ársgrundvelli sé litið til beinna gjaldeyristekna og afleiddra tekna.

❖

Áður hefur komið fram að að LH og Vegagerðin endurnýjuðu á árinu 2022 eldra samkomulag um að þar sem stofn- og tengivegir eru lagðir bundnu slitlagi skuli gert reiðfært samhliða. Ástæða er til að uppfæra það samkomulag þegar næstu uppfærslu reiðvegahandbókarinnar lýkur, sem að óbreyttu verður í nóvember nk.
Í samkomulaginu er vitnað til eða sagt að miða skuli við 2022 úgáfu Reiðvegahandbókarinnar.

❖

**Reiðstígar gerð og uppbygging:**

Sem kunnugt er þá var reiðvegahandbókin **„Reiðstígar gerð og uppbygging“** endurútgefin árið 2022 sem rafræn útgáfa, markmiðið með rafrænni útgáfu er að auðvelda uppfærslu hennar.
Í ár hefur verið unnið að uppfærslu reiðvegahandbókarinnar, þar hefur verið að verki aðalhöfundur bókarinnar Haraldur Sigursteinsson, stefnt er á að uppfærð útgáfa handbókarinnar líti dagsins ljós í nóvember 2025.

Fundur vegna uppfærslunnar var haldin hjá LH þriðjudaginn 7. okt. sl. þar voru mætt auk Haraldar Sigursteinssonar meðhöfundar uppfærlunnar frá 2022 þeir Halldór H. Halldórsson og Sæmundur Eiríksson auk þess sátu fundinn Jón Magnússon formaður Reiðveganefndar LH og Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri LH.

Í máli Haraldar kom fram að uppfærslan nú snúist að mestu um þveranir reiðstíga við akvegi og eru dæmi tekin þar sem mikil umferð er, bæði akandi og ríðandi á Fákssvæðinu (Sjá fylgiskjal nr.3 í nýju útgáfunni). Einnig upplýsti Haraldur um ný umferðamerki sem tekin hafa verið í notkun, þar á meðal upplýsingamerki – 658.4 ferkantað sem sýnir mann á hesti, hvítt á bláum grunni. Þetta merki er ekki skilgreint sérstaklega, en er tilvalið við þveranir reiðstíga við akvegi og aðra stíga. Alls ekki má eða / skal skipta út hringlaga merkinu 414 sem er boðmerki í stað þessa.

Einnig var rætt um nýja reglugerð 250/2024 um notkun umferðamerkja, þar hefur algerlega misfarist að taka reiðstíga með í reglugerðina. Sá aðili sem hefur með málið að gera í Samgönguráðuneytinu er Gauti Daðason LH þarf að setja sig í samband við hann til að fá leiðrétt þessi mistök.

Við umferðarmikla vegi s.s. þjóðvegi ætti skilyrðislaust að vera undirgöng fyrir reiðstíga vegna þverana, en við umferðarminni vegi sem lagðir eru bundnu slitlagi eru eftirfarandi tillögur vegna þverana við reiðstíga.

## Þverun þjóðvega

Dæmi um grindur sem auðvelda reiðmönnum að hægja ferð og meta aðstæður fyrir þverun vegar.

**Reiðmenn innan öryggisgrinda hafi óhindrað útsýni inn á akveg til beggja átta.**



## Yfirborðsmerking - hvinrendur

Við sérstakar aðstæður, t.d. við þverun reiðstígs og þjóðvegar má auka öryggi vegfarenda mikið með notkun „hvinranda“ áður en komið er að þverun. Þetta getur t.d. átt við þar sem tiltölulega fáfarinn þjóðvegur í dreifbýli er þveraður af reiðstíg, staður þar sem ökumaður á ekkert sérstaklega von á annarri umferð þvert á veginn.




Hvinrendur skulu vera í samræmi við reglur Vegagerðarinnar um yfirborðsmerkingar samanber kafla 8.5 í Veghönnunarreglunum.

**8.5** **Yfirborðsmerkingar**
**Notkun yfirborðsmerkinga**

VEGAGERÐIN

### 8.5.5 Hraðahindranir

Allar hraðahindranir (öldur) skal merkja.

### 8.5.6 Hvinrendur

Hvinrendur eru þverrendur á veg, byggðar upp með vegmerkingarmassa, um 4-6 mm þykkar.
Hvinrendur má nota þar sem ökuhraði er lækkaður, t.d.:

- -þar sem malbik endar.
- -við aðkomu að þéttbýli.
- -áður en komið er að vegamótum.

Hvinrendur eru 200 mm breiðar. Forðast skal notkun þeirra nærri íbúðabyggð þar sem þær valda hávaða. Ef merkja á hámarkshraða á vegyfirborð skal viðeigandi áletrun sett í fyrsta og næstsíðasta bil.

| Rendur nr. | 1-2 | 2-3 | 3-4 | 4-5 | 5-6 | 6-7 | 7-8 | (8-9) | Heildarlengd svæðis |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Bil milli randa [m] | 10 | 10 | 15 | 15 | 20 | 25 | 30 | (30) | 125 m (155 m) |

# Landsþing LH 2024

64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga var haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024 í boði hestamannafélagsins Borgfirðings.
Fyrir Reiðvega- og umhverfisnefnd þingsins láu tvö þingskjöl til umfjöllunar, það voru þingaskjal nr. 34 flytjandi hestamannafélagið Geysir og þingskjal nr. 36 flytjendur hestamannafélögin Sörli, Fákur, Sprettur, Hörður og Sóti.
Í Ferða- og Umhverfisnefnd þingsins störfuðu 21 fulltrúi frá 12 hestamannafélögum, nefndin tók þingskjölin til efnislegrar meðferðar, nokkur umræða var í nefndinni um þingskjölin sem að lokum voru samþykkt í nefndinni, en þingskjal 34 þó með breytingatillögu með viðauka þar sem lagt er til að stjórn LH verði sér úti um lögfræðiálit um réttarstöðu reiðleiða og þjóðleiða.
Nefndin samþykkti einnig ályktun sem óskað var eftir að yrði lögð fyrir landsþingið til samþykktar, sem stóðst þingsköp og var samþykkt.

•

# Þingskjal nr. 34

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

**Tillaga**
64. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að Landssamband hestamannafélaga verði leiðandi í því að styðja við félögin í landinu þegar ágreiningsmál koma upp um nýtingu reiðleiða sem og vinna að auknum fjárveitingum til reiðvegamála.

**Greinargerð**
Allt frá landnámi hafa men ferðast landshluta á milli með hrossastóð. Í fáum löndum í heiminum er hægt að fara um bæði byggðir og óbyggðir og íslendingar fara í hestaferðir. Landið okkar býður upp á mikla sérstöðu í þessum efnum og nauðsynlegt að viðhalda þessari hefð að hægt sé að fara hvort sem er á eigin vegum eða með ferðaþjónustuaðilum í hestaferðir með hross í rekstri.
Til að ferðir geti gengið eins snuðrulaust fyrir sig og æskilegt er, þarf annars vegar að vera auðvelt að komast um landið og hins vegar þarf að vera hægt að stoppa hrossarekstra til áningar og til að skipta um hross. Þeir innviðir sem þurfa að vera í lagi eru annars vegar opnar leiðir og hins vegar áningarhólf og stýringar á hrossaumferð með girðingum.
Brotalöm hefur verið á því að leiðir um einkalönd séu opnar eða lokaðar þó þær séu á skipulagi. Réttur ríðandi umferðar þarf að vera alveg skýr og þá til hvaða ráða hægt er að taka ef landeigendur loka leiðum sem eru á skipulagi sveitarfélaga. Erfitt getur verið fyrir félögin að standa ein að slíkum málum og þarf þá stuðning Landssambandsins.

*Afgreiðsla landsþings LH: samþykkt samhljóða.*

# Þingskjal nr. 36

Flytjandi Hestamannafélögin Sörli, Fákur, Sprettur, Hörður og Sóti

**Tillaga**

64, Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024, samþykkir að LH beiti sér fyrir því að fundin sé betri lausn á förgun hrossataðs á höfuðborgarsvæðinu en nú er. Einnig að LH skoði hvort samtökin geti eða þurfi að beita sér fyrir breytingum á reglum hvað þetta varðar, þannig að gagnist öllum hestamannafélögum almennt.

**Greinargerð**

Við óskum eftir því að LH beiti sér fyrir því að hrossatað, sem er eitt besta uppgræðsluefni sem fæst, verði notað sem slíkt og fundin viðeigandi farvegur innan landsvæðis sveitarfélaganna og að almennt um landið verði horft á hrossatað sem nýtanlegan áburð til landgræðslu en ekki spylliefna eða úrgang sem þarf að urða. Stefnt verði þá að því að hrossatað verði gjaldfrjálst á móttökustöðum Sorpu eða hrossataði verði fundinn staður sem sveitarfélögin geti notað í uppgræðsluverkefni.
Forsaga málsins er sú að sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa mismunandi reglur er varða losun og kostnað við losun hrossataðs. Kostnaður við skil á hrossataði hjá SORPU nemur kr 25,68 pr kg m/vsk.
Á vef Sorpu kemur fram undir liðnum „Hvað verður um efnið: Efnið er notað við uppgræðslu á urðunarstað SORPU í Álfsnesi og þannig dregið úr urðun á lífrænum úrgangi”. Því skýtur skökku við að verið sé að rukka fyrir skil þegar efnið er svo notað í uppgræðslu.
Í lögum og stefnu stjórnvalda í úgangsmálum kemur skírt fram að förgun sé síðasti kostur. Lífrænan úrgang ber að nýta sem næst þeim stað sem uppruni hans er.
Hestamennska er stór íþrótt á höfuðborgarsvæðinu. Eðlilegur fylgifiskur hrossahalds á höfuðborgarsvæðinu er að hirða tað. Mikilvægt er að bæjarfélögin styðji við íþróttina alla leið og þurfum við stuðning LH í þessum málum. Það er stórt mál að lækka kostnað í íþróttinni og með því að lækka kostnað á urðun á taði lækkar það kostnaðinn í að halda hesta. Við sjáum það einnig geta hjálpað til við nýliðun inn í sportið að lækka slíkan kostnað. Bæjarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gætu komið með þrýsting á Sorpu sem er í eigu bæjarfélaganna og lækkað þennan kostnaðarlið fyrir fólk sem stundar hestamennsku á höfuðborgarsvæðinu. Hvað varðar allt landið getur aðkoma LH sem heildarsamtök hestamannafélaganna, stuðlað að viðhorfsbreytingu eða breytingu á reglum, ef því er að skipta.
Við viljum skapa umræðu á landsþingi í október um þessi mál og hvort fleiri hestamannafélög eigi við sama vandamál að etja. Um leið opna umræðu um sjálfbærni og umhverfismál sem standa hestamönnum mjög nærri.

*Afgreiðsla landsþings LH: Samþykkt samhljóða.*

# Ályktun

Flytjandi Ferða- og umhverfisnefnd þingsins

**Tillaga:**

64. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 25. og 26. október 2024 skorar á stjórnvöld að sjá til þess að framlag hins opinbera til reiðvega verði a.m.k. 300 m.kr á ársgrundvelli næstu fimm árin eins og hóflegar tillögur starfshóps innviðaráðherra um úrbætur í reiðvegamálum segja til um.

**Greinargerð:**

Stöðug rýrnun hefur verið á reiðvegafé af samgönguáætlunum allt frá árinu 2009, að undanskildum árunum 2021 og 2022 þegar aukafjárveitingar voru veittar 50 m. kr. hvort ár.

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024 – 2038, sem liggur óafgreidd fyrir Alþingi í október 2024, er gert ráð fyrir fjárframlagi til reiðvega 100 m. kr. á ári næstu fimm árin þ.e. 2024 -2028, og á tveimur fimm ára tímabilum þar á eftir, þ.e. árin 2029-2033 og 2034-2038, 500 m. kr. Hvort tímabil. Í heildina 1.500 m. kr. á fimmtán ára tímabili.
Hér er í raun um áframhaldandi lækkun á fjárframlagi hins opinbera til reiðvega að ræða frá því sem það var á árunum 2001 – 2009. Sem dæmi þá var á árinu 2009 framlag til reiðvega af samgönguáætlun 70 m. kr. og hafði þá að mestu fylgt verðlagsþróunum þeirra ára. Framreiknað með verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands væri sú upphæð um **133 m. kr.** í október 2024.
Formaður LH ásamt formanni Reiðveganefndar LH áttu fund með innviðaráðherra síðsumars 2022. Niðurstaða fundarins var að ráðherra skipaði starfshóp til að greina þörfina á fjármagni til reiðvegaframkvæmda til lengri tíma og vinna tillögur út frá þeim fyrir samgönguáætlun 2023-2037. Starfshópurinn var skipaður fulltrúa Vegagerðarinnar, sem jafnframt var formaður hópsins, fulltrúa innviðaráðuneytisins og tveimur fulltrúum frá LH.

Starfshópurinn skilaði mikilli og góðri vinnu á þeim stutta tíma sem hann fékk til að greina þörfina fyrir úrbætur hvað varðar reiðleiðir og reiðvegi. Skýrsla og niðurstöður starfshópsins er að finna í skýrslu Reiðveganefndar LH 2024, eru þingfulltrúar hvattir til að kynna sér þær.

Bent hefur verið á það að tekjur þjóðarbúsins af hestamennsku og hestatengdri ferðaþjónustu er mælt í milljörðum kr. á ársgrundvelli.

Reiðleiðir og reiðstígar eru undirstaða hestamennsku og hestatengdrar ferðaþjónustu og því nauðsynlegt að byggja upp og viðhalda reiðstígunum þannig að sómi sé að.

Samkvæmt greiningu starfshópsins er uppsöfnuð þörf til að koma reiðvegakerfinu í viðunandi horf um 15 ma. kr. og eru tillögur starfshópsins um 300 m. kr. árlegt framlag hins opinbera mjög svo hóflegar.

*Afgreiðsla landsþings LH: Samþykkt samhljóða.*

## Samkomulag

**1. grein**

Samkomulag þetta er gert milli **Vegagerðarinnar,** kt. 680269-2899, sem og **Landssamband hestamannafélaga** (LH) kt. 710169-3579, um gerð og útfærslur reiðstíga með stofn- og tengivegum sem lagðir eru bundnu slitlagi.

**2. grein**

Þegar stofn-, tengi- og landsvegir eru lagðir bundnu slitlagi, sem áður hefur einnig nýst sem reiðstígur og er sem slíkur í gildandi skipulagi viðkomandi sveitarfélags, skal þess gætt að gerður sé reiðstígur eða reiðfær leið samhliða framkvæmd um að setja bundið slitlag á veg. Ávallt skal leitast við að reiðleiðin sé eins fjarri veginum og við verður komið.

**3. grein**

Reiðfært telst vera slóð eða gata sem er fær ríðandi umferð, hindrunum hefur verið rutt úr vegi og fyrirstöður eru fjarlægðar, þ.e. grjóti rutt úr vegi, ræsi framlengt eða sett í skurði, malarlag sett þar sem þörf er á og leiðin sé greiðfær að sumarlagi.
Reiðstígurinn er hugsaður til notkunar fyrir almennt hestafólk en ekki sem þjálfunarbrautir atvinnufólks í hestaíþróttum þar sem gerðar eru meiri kröfur til undirlags og frágangs. Til viðmiðunar skal stuðst við leiðbeiningar Vegagerðarinnar og LH **„Reiðstígar gerð og uppbygging"** önnur útgáfa apríl 2022. Miðað er við gerðir reiðstíga sbr. grein 5.1 Reiðstígar við umferðarminni vegi í og við þéttbýli verði stuðst við gerð B og í dreifbýli verði af gerðinni C og D eftir atvikum.

Við uppbyggingu á reiðstígum að gerð B kostar Vegagerðin uppbyggingu reiðstígs þ.e.a.s útlögn styrktarlags en viðkomandi reiðveganefnd um frágang slitlags telji hún þörf á því.

Leggja skal áherslu á öryggi allra vegfarenda og taka hliðsjón af ákvæðum um rýmisþörf, öryggissvæði vega og breidd reiðstíga sbr. kafla 6.1, 6.2 og 6.3.

**4. grein**

Kostnaður sem hlýst af gerð reiðfærrar leiðar með veginum greiðist af framkvæmdafé viðkomandi vegar. Viðhaldi þessara leiða skal sinnt af hestamannafélagi þess svæðis sem reiðleiðin liggur um, nema um annað sé samið. Viðhaldsfé reiðleiðarinnar er með framlögum af reiðvegafé LH, sveitarfélags, frjálsum fjárframlögum eða vinnuframlagi og tækjabúnaði félagsmanna.
Sé ekki hægt að koma reiðstíg fyrir innan vegsvæðis af einhverjum ástæðum skal leita sameiginlegra lausna vegna þessa. Vegagerðin kaupir ekki sérstaklega land undir reiðstíga sé ekki hægt að koma þeim fyrir innan vegsvæðis.

**5. grein**

Á hverju svæði Vegagerðarinnar starfa reiðveganefndir. Formenn þessara reiðveganefnda skipa Reiðvega- og samgöngunefnd LH. Skulu þeir ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar skipa samstarfsnefnd í umdæminu, tveir frá hvorum aðila. Samstarfsnefndin leggur mat á þarfir framkvæmda við stígagerðina í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

**6. grein**

Ágreiningur sem upp kann að koma innan samstarfsnefnda, er heimilt að vísa til forstjóra Vegagerðarinnar eða fulltrúa hans og stjórnar LH, sem ber að fjalla sameiginlega um ágreiningsmál og leita lausnar á þeim.

Samkomulag þetta kemur í stað eldra samkomulags Landssambands hestamannafélaga og Vegagerðar ríkisins frá 7. maí 1982, sem fellur þá úr gildi.

Reykjavík 06.04.2022.

| F.h. Vegagerðarinnar: | F.h. LH: |
|---|---|
| Bergþóra Þorkelsdóttir | Guðni Halldórsson |



## Reiðstígar – gerð og uppbygging

Vegagerðin og Landssamband hestamannafélaga
Apríl 2022

**Leiðbeiningar**

Forsíða netútgáfu reiðvegahandbókarinnar **“Reiðstígar gerð- og uppbygging”**.

*Jón Magnússon,*
*Sæmundur Eiríksson,*
*Halldór H. Halldórsson.*



*Gilhagadalur – Írafellsdalur  ljósm.   SE.*